

ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN

2. TÖLUBLAÐ NÓV. 1977

PÓSTHÓLF 4186 REYKJAVÍK ÍSLANDI

Inngangur. Nú lítur 2. tölublaðið dagsins ljós. Í því er sagt frá starfinu til áramóta, klifurferð í Alpanna, sagt frá ferð á Hraundranga í Öxnadal, grein um snjóankerí og fréttir. Erfiðlega gengur að fá menn til að rita í blaðið. Ef þið hafið eitthvað þá látið vita.

STARFIÐ TIL ÁRAMÓTA

12.-13. nóvember Botnsúlur. Ekið verður upp í Botnsdal á laugardeginum. Þaðan verður gengið upp undir Háusúlu og tjaldað þar. Síðan verður farið a.m.k. á Háusúlu og Miðsúlu og ef til vill á Syðstusúlu. Bíllinn sækir svo hópinn á sunnudeginum upp af Þingvöllum.

Fargjaldið verður 2500 kr fram og til baka og verður farið frá Umferðamiðstöðinni kl 8.00 á laugardagsmorgni. Þeir, sem ætla að fara hringi í Helga Benediktsson í síma 12045 fyrir kl. 18.00 á fimmtudaginn 10. nóvember og er það bindandi. Það er ef einhver segist ætla að fara þá verður honum gert að greiða fargjaldið hvort sem hann kemur eða ekki.

Þeir sem fara ættu að hafa með sér ísexi, línu, brodda og tilheyrandi.

14. nóvember mánudagur myndasýning. Sýndar verða tvær erlendar 25 mín. myndir, sem voru fengnar til landsins nýlega. Önnur myndin fjallar um fleygaklifur á Mont Blanc svæðinu en hin er leikin og á að gerast árið 1885 og sýnir ferð á Jungfrau. Báðar myndirnar eru í litum. Sýningin verður á Hótel Loftleiðum, Leifsbúð klukkan 20.30.

8. desember. Fræðslufundur. Hótel Loftleiðum, Leifsbúð kl. 20.30.

HRAUNDRANGI

An efa kannast flestir við Hraundranga í Öxnadal. Drangurinn, sem er 1075 m háár, blasir við, þegar ekið er um Öxnadal.

Árið 1956 var Hraundrangi klifinn í fyrsta skipti og þá af þeim Sigurði Waage, Finni Eyjólfssyni og einum Bandaríkjamanni (sjá Jökul, tímarit Jöklarannsóknafélagsins). Síðan var hann klifinn af Frönskum fjallamönnum einhverntíma á milli 1960 og 1970 og nú í sumar af þeim Pétri Ásbjörnssyni Reykjavík, Sigurði Baldurssyni Akureyri og Helga Benediktssyni Reykjavík.

Þann 31. júlí snemma morguns flugum við Pétur norður til Akureyrar og hittum þar Sigurð en hann útvegaði bíl til fararinnar. Eftir stóra og mikla máltíð á K.E.A. ókum við að Hrauni í Öxnadal og vorum komnir þangað um kl. 14. Eftir tveggja stunda gang frá Hrauni vorum við komnir upp á hrygginn norðan við drangann og fengum okkur smávegis í svanginn. Veðrið var ekki alveg eins og best verður á kosið heldur þungbúið með smáskúrum. En hvað um það aðeins 80 m eftir upp á tindinn og upp skal farið. Þarna bundum við okkur í línu, settum á okkur hjálma og annan búnað til klifurs. Síðan lagði

fyrsti maðurinn af stað upp. Mjög lítið var um traustar sprungur í berginu til að berja inn fleyga og fór mikill tími í það að hreinsa frá til að fá trausta festu.

Eftir um 40m klifur fundum við fyrsta bergfleyginn frá þeim, sem á undan höfðu farið, síðar fundum við þrjá aðra er ofar dró og tókum við þá alla með okkur. Síðustu 10 m voru brattastir en þar batnaði bergið og varð mun heilsteyptara og betra til trygginga.

Að loknu fimm klst. klifri náði fyrsti maðurinn tindinum og þremur stundarfjórðungum seinna sá síðasti en hann sá um að hreinsa alla fleyganna úr berginu.

A tindinum höfðum við stutta viðvöl, gerðum tilraun til myndatöku, átum súkkulaði og útbjuggum festingar fyrir sig. Mjög var erfitt um vik á tindinum, þar sem aðeins einn gat hreyft sig í einu. Rétt neðan við toppinn sáum við tvær nylonlykkjur um stóra klettanibbu. Tókum við þessar lykkjur en settum eina nýja í staðinn og drógu 80m langa línu tvö-falda í gegnum lykkjuna. Sigum við síðan hver á eftir öðrum niður í mitt bergið, þar sem línan endaði. Þar settum við aðra festingu, drógu línum aftur í gegn og sigum niður það, sem eftir var.

Gengum við síðan niður í bíl og til Akureyrar komum við svo um kl. tvö um nóttina. Við fengum að sofa í húsnæði Hjálparsveitar Skáta á Akureyri. Snemma næsta morguns flugum við tveir svo aftur til Reykjavíkur eftir vel heppnaða ferð.

Helgi Benediktsson.

SNJÓANKERI


Snjóanker er plata, oftast úr léttu efni svo sem áli. Platan er um það bil 25x20 sm og er festur í hana vír u.p.b. 1,5m langur með lykkju á endanum. Sjá mynd 1. Platan er gjarnan sett götum til að gera hana léttari. Þau rýra að jafnaði ekki eiginleika snjóankersins nema helst í lausamjöll.

Snjóankerinu er komið þannig fyrir í snjónum að platan er sett þvert á átaksstefnuna og átakið látið koma þannig á vírinn að platan grafist niður ef togað er í hana. Sjá mynd 2. Á myndinni sést að snjóankerid er látið mynda ákveðið horn miðað við yfirborð flatarins, sem því er stungið í. Ef snjóankerid er ekki sett rétt niður er hætta á því að það dragist út og komi ekki að notum. Einnig þarf að gæta þess að vírinn skeri snjóinn þ.a. átakið komi ekki skakkt á ankerið og það dragist út. Ef snjórinn er það harður að vírinn sker hann ekki þarf að grafa rás fyrir hann með ísexi

Þegar snjóanker er komið fyrir er ágætt að reka það niður með mjórri enda ísaxar til að það fari örugglega nógu djúpt niður. Eftir að því hefur verið komið fyrir á að reyna styrkleika þess með því að toga í vírinn með handafli og þá með réttu horni.

Að jafnaði skal trygging með snjóankerí vera óbein trygging þ.e. sá sem tryggir er sjálfur festur við ankerið og gefur út línuna eða tekur hana inn. Snjóankerinu er þá komið fyrir u.p.b. 3m ofan við þann, sem ætlar að tryggja. En hann kemur sér vel fyrir. Sjá mynd 3.


Oft enda leiðir, þegar upp á jafnsléttu kemur. Við slíkar aðstæður er oft erfitt að finna fullnægjandi tryggingu. Snjóankerí hentar mjög vel til slíkra trygginga. Sjá mynd 4. Þá þarf ankerið að vera 5 - 10 m frá brún en lengra ef hengjur eru.




MYND 1



MYND 2



MYND 3



MYND 4

Snjóankerí hentar vel í hvers konar snjó en ef hann er mjög blautur er hætta á að það dragist út. Líkur til þess minnka ef þess er gætt að stíga ekki á eða róta upp snjónum fyrir framan ankerið. Þetta ættu menn reyndar að temja sér hvort, sem snjórinn er blautur eða ekki.

Snjóankerí getur haldið allt að 10000 N krafti krafti (u.p.b. 1000 Kg) við bestu aðstæður. En við slæmar getur styrkurinn minnkað niður í 3000 N kraft (300 Kg), Til samanburðar má geta þess að snjóhælar og ísaxir halda við bestu aðstæður 3000 N ef þeim er stungið niður.

E.H.H.

KLIFURFERÐ Í ALPANA

Í bígerð er að klúbburinn standi á sumri komanda fyrir ferð til Sviss og Frakklands, þar sem félögum gæfist kostur á að klífa nokkur af hæstu og frægustu fjöllum Evrópu, svo sem Mönch, Jungfrau, Monta Rosa og Mont Blanc svo einhver séu nefnd.

Aætlaður kostnaður við síka ferð miðað við þær upplýsingar, sem í dag liggja fyrir, eru greiðslur fyrir ferðir og kostnaður vegna fararstjóra u.p.b. 150000 og við það bætist uppihald í þriggja vikna tíma, sem er 75000 til 100000 kr. Þannig að heildarkostnaður við síka ferð er á bilinu 225000 - 250000 kr.

Skipulagningu slíkrar ferðar þarf að vinna með góðum fyrirvara og er því mikilvægt að þeir félagar, sem hafa áhuga láti Sighvat eða Helga vita sem allra fyrst og í síðasta lagi á félagsfundinum 8. desember n.k.

Ætlunin er að þeir, sem áhuga hafa myndi nokkurs konar vinnuhóp, sem mótar áætlun ferðarinnar, en um ótæmandi möguleika er að ræða. Að öllum líkendum verður ferðin farin í júlí eða ágúst en það er sá tími sem veður er best í Ölpunum.

Allar nánari upplýsingar um ferðina verða veittar á félagsfundinum 14. nóvember n.k. en eins og áður sagði eiga menn að láta Sighvat s.76630-10100 eða Helga s.23187-12045 vita sem allra fyrst.

S.B.

FRÉTTIR

Starfið í sumar. Tvö námskeið voru haldinn í sumar bæði á Þingvöllum. Fyrra námskeiðið var 3. júlí og var byrjendanámskeið. Það sóttu 17 manns og leiðbeinendur voru 4. Seinna námskeiðið var 10.-11. september og var það Fjallamennskunámskeið 1. Þáttakendur voru 12 og 3 leiðbeinendur.

3 fundir voru haldnir. Sá fyrsti var í sambandi við ferð í Öræfin. Æ þeim fundi flutti Ingvar Teitsson erindi, sem hann nefndi "Óvin fjallamanna", en það fjallaði um ofkælingu, kal og bráða fjallaveiki. Einnig sýndi Guðjón Ó Magnússon myndir frá ferðum innanlands og utan.

Annar fundurinn var í tengslum við Fjallamennskunámskeið 1.

Þriðji fundurinn var 13. október. Þar voru kynntar 3 tegundir af tjöldum og Sigurður Thoroddsen og Magnús Már Magnússon sýndu myndir.

Farið var í Öræfasveit 22.-24. júlí. Í ferðina fóru 11 manns. Þeir fengu óhagstætt veður og var ekki farið á Hvannadalshnúk eins og til stóð heldur var tímanum varið í Skaftafellsjökli.

Merki félagsins: Taumerki félagsins verður senn tilbúið. Fyrir nokkru kom til landsins klysja af merkinu, sem saumað verður eftir.

Kerlingin í Kerlingarfjöllum var klifin helgina 29.-30. oktober af Helga Benediktssyni, Arngrími Blöndahl og Arnóri Guðbjatssyni. Þeir voru rúma 5 tíma að klifra upp og lá við að þeir klifu í hring á leiðinni upp. Hæðin á Kerlingunni reyndist vera um 23m brekkumegin en nálægt 30m hinu megin. Hún er úr móbergi og hefur ekki verið klifin áður. að því að bezt er vitað. Þeir félagar skildu kræklóttan fleyg eftir uppi á toppnum.

Ábyrgðarmaður Einar Hrafnkell Haraldsson.

ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN

ÞÓSTHÓLF 4186 REYKJAVÍK ÍSLANDI

VIÐTAKANDI